

## Samningur um fjárframlag til Ferðasjóðs íþróttafélaga

Mennta- og menningarmálaráðuneyti kt. 460269-2969 í þessum samningi nefnt ráðuneytið og Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands kt. 670169-0499 í þessum samningi nefnt ÍSÍ gera með sér svo hljóðandi samning um Ferðasjóð íþróttafélaga fyrir íþróttá- og ungmennafélög innan ÍSÍ. Samningurinn er gerður að tillögu nefndar menntamálaráðherra sem stofnuð var á grundvelli þingsályktunartillögu 132. löggjafarþings 2005 - 2006. þskj. 1195 - 789. mál.

### **1. Markmið**

Markmið sjóðsins er að koma til móts við íþróttafélög vegna kostnaðar þeirra af ferðalögum innanlands, sérstaklega þeirra sem eiga um langan veg að fara til þess að taka þátt í viðurkenndum mótum. Markmið sjóðsins er einnig að stuðla að öruggum ferðamáta íþróttafólks. Með samningi þessum er ÍSÍ falin umsjón og umsýsla sjóðsins.

### **2. Forsendur samnings og lagaheimildir**

- 2.1. Fjárframlag ráðuneytisins til samnings þessa fyrir árið 2017 er 130 m.kr.
- 2.2. Ráðuneytið annast samskipti aðila vegna samningsins við fjármála- og efnahagsráðuneyti, sbr. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 123/2015 um opinber fjármál, og við Alþingi. Verði gerð umtalsverð breyting á fjarheimildum til málefnasviðs 19 Fjöldiðlun, íþróttá- og æskulýðsmál í fjárlögum taka aðilar upp viðræður um aðlögun rekstrarins að breyttu fjárhagsumhverfi.
- 2.3. Eftirfarandi lagaákvæði, sem aðilar hafa kynnt sér, liggja til grundvallar samningi þessum og teljast hluti hans eftir því sem við á: Íþróttalög nr. 64/1998, lög um ríkisendurskoðun nr. 86/1997, sem fjalla um skyldur og heimild Ríkisendurskoðunar til að endurskoða og hafa eftirlit með samningnum og lög um opinber fjármál, nr. 123/2015.
- 2.4. Heimilt er að útlagður kostnaður og þóknun vegna umsýslu sjóðsins verði greiddur af sjóðsframlagi allt að 3 m. kr. á ári.

### **3. Ábyrgð**

- 3.1. Rétt til úthlutunar úr sjóðnum eiga íþróttá- og ungmennafélög innan ÍSÍ.
- 3.2. Um skilyrði fyrir úthlutun úr sjóðnum fer samkvæmt úthlutunarreglum frá 6. desember 2007 og endurskoðuðum úthlutunarreglum frá 13. nóvember 2014. Reglurnar teljast hluti af samningnum.
- 3.3. ÍSÍ ber rekstrarlega ábyrgð á Ferðasjóðnum og skuldbindur sig til þess að halda fjárréðum og reikningshaldi vegna sjóðsins aðgreindu frá annarri starfsemi. ÍSÍ ber ábyrgð á starfsemi sem samningur þessi tekur til og að hún fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. ÍSÍ skal geta lagt fram gögn og skýrslur þessu til staðfestingar, sé eftir því leitað.
- 3.4. ÍSÍ ber ábyrgð á skuldbindingum sem það eða aðilar á þess vegum stofna til í tengslum við samning þennan.
- 3.5. ÍSÍ er óheimilt að:
  - 3.5.1. Afhenda, án skriflegs samþykkis ráðuneytisins, réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi þessum í hendur þriðja aðila.
  - 3.5.2. Framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu skv. 45. gr. laga um samningsveð nr. 75/1997.

#### **4. Upplýsingar, samskipti og eftirlit**

- 4.1. Ráðuneytið hefur eftirlit með framkvæmd samningsins.
- 4.2. Fjárframlag samkvæmt samningnum skal greitt einu sinni á ári, mánuði áður en greiðsla styrkja fer fram samkvæmt reglum sjóðsins.
- 4.3. Ráðuneytið boðar fulltrúa ÍSÍ a.m.k. á einn formlegan fund á árinu um framkvæmd samningsins. Aðilar meta þá framkvæmd verkefnisins.
- 4.4. ÍSÍ ber að skila ráðuneytinu upplýsingum sem það kallar eftir vegna opinberrar upplýsingagjafar. ÍSÍ veitir ráðuneytinu upplýsingar sem það kallar eftir vegna eftirlits með framkvæmd samningsins. Ráðuneytinu er heimilt að framkvæma eða fela öðrum að gera athuganir og úttektir á framkvæmd samningsins. Við eftirlit hefur ráðuneytið aðgang að gögnum hjá ÍSÍ sem við koma samningnum.
- 4.5. Gera skal grein fyrir framlagi ríkisins til Ferðasjóðs í ársreikningi ÍSÍ.
- 4.6. ÍSÍ skal tryggja að umsóknir og gögn verði geymd til að tryggja rekjanleika styrkveitinga. ÍSÍ afhendir þjóðskjalasafni Ísland gögn vegna úthlutunar úr sjóðnum í samræmi við 14. og 15. gr. laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn.
- 4.7. ÍSÍ skilar árlega sundurliðuðum upplýsingum til ráðuneytisins um úthlutun úr sjóðnum. Ráðuneytinu er heimilt að birta gögnin á vef sínum.
- 4.8. Um heimildir Ríkisendurskoðunar til þess að endurskoða framkvæmd samningsins fer eftir lögum nr. 86/1997.


#### **5. Vanefndir og meðferð ágreinings**

- 5.1. ÍSÍ tilkynnir ráðuneytinu tafarlaust ef það telur vafa leika á um að það geti uppfyllt skyldur samkvæmt samningnum. Jafnframt greinir ÍSÍ frá úrræðum sem það hyggst griða til.
- 5.2. Ráðuneytinu er heimilt að draga úr, stöðva og endurkrefja um greiðslur uppfylli ÍSÍ ekki skyldur sínar samkvæmt samningi þessum.
- 5.3. Samningsaðilar munu leitast við að jafna ágreining, ef einhver er, sín á milli.
- 5.4. Dómsmál sem rísa kann út af samningi þessum skal rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur

#### **6. Gildistími**

- 6.1. Samningur þessi gildir frá 1. janúar árið 2017 til 31. desember 2017. Samningsaðilar geta sagt upp samningnum með 3 mánaða fyrirvara.
- 6.2. Hvor aðili um sig getur óskað eftir því að einstök ákvæði eða verkefni samningsins eða samningurinn í heild verði tekin til endurskoðunar séu færð fyrir því efnisleg rök. Endurskoðun skal þá hefjast svo fljótt sem verða má.
- 6.3. Óski annar hvor aðili eftir að segja samningnum upp skal það gert skriflega með þriggja mánaða fyrirvara.
- 6.4. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili eintaki.

Reykjavík, 28. júlí 2016

  
Illugi Gunnarsson  
mennta- og menningarmálaráðherra

  
Lárus Blöndal  
forseti Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands